

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Kjósarhreppi.

*Nesvegur 1, 3 og 5 í Flekkudal.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 6. september 2022 deiliskipulag Nesvegar 1, 3 og 5 í landi Flekkudals.

Skipulagssvæðið er um 1,4 ha að stærð, með aðkomu frá Nesvegi og tekur til þriggja frístundalóða sem skipt var út úr landi Flekkudals (L126038). Svæðið er sunnan Flekkudalsvegar nr. 4834 og vestan Nesvegar. Deiliskipulagið felur m.a. í sér að afmarka og skilgreina byggingarreiti fyrir lóðirnar Flekkudalur 1, 3 og 5.

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 er svæðið skilgreint sem frístundabyggð F4A. Deiliskipulagstillagan er því í samræmi við gildandi aðalskipulag Kjósarhrepps 2019-2029.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 18. október 2022.*

**Sigurður H. Ólafsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 1. nóvember 2022